

Nd.

331. Frumvarp

til laga um skattgreiðslu h/f Eimskipafjelags Íslands.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

1. gr.

Eimskipafjelag Íslands h/f skal vera undanþegið tekju- og eignarskatti árin 1929 til 1933, að báðum meðtöldum, enda greiði það ekki hluthöfum arð á því tímabili.

2. gr.

Árin 1929 til 1933, að báðum meðtöldum, skal fjelagið einnig vera undanþegið aukaútsvari eftir efnum og ástæðum, en í þess stað greiði það í bæjarsjóð, þar sem aðaladsetur þess er, 5 af hundraði af nettó ágóða, og greiðist sá skattur 1. apríl ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1929.